

Kennsla við erfiðan grunnskóla. Hvað segja kennarar um störf sín og líðan?

Sólveig Karvelsdóttir
Kennaraháskóla Íslands

Hér verður sagt frá rannsókn sem gerð var í einum grunnskóla í Reykjavík.¹ Í skólahverfinu búa margar fjölskyldur við erfiðar félagslegar aðstæður og hátt hlutfall nemenda þarf sértæka aðstoð. Markmið rannsóknarinnar var að kynnstarfi og líðan grunnskólakennara sem kenna við erfiðan grunnskóla. Rannsóknin lýsir sjónarhorni kennara á starfið í skólanum, á vanda nemenda og þeim áhrifum sem starfið og aðstæðurnar hafa á líðan þeirra. Rannsóknin bendir til þess að skólinn hafi ekki bolmagn til að veita öllum nemendum fullnægjandi kennslu eða úrlausn. Það stafar meðal annars af því að vanda margra nemenda má rekja til ytri aðstæðna sem eru ekki á valdi skólans að leysa. Þá kemur fram að mikið álag er á kennara, ekki síst tilfinningalegt.

Ýmsar breytingar hafa orðið á íslensku þjóðfélagi síðastliðna áratugi. Sigrún Júlíusdóttir (2001) segir um nútíma samfélagið: „Síðræn gildi, áður viðtekið mat, hugmyndir um lífsstíl – og jafnvel mannsiðir – orka nú tvímælis [...]. Allt – og ekkert – er gilt. Tengsl kynslóðanna dofna, mörk þurrkast út.“ (bls. 207). Þetta breytta samfélag hefur áhrif á alla, ekki síst börn og unglíngja sem eru að alast upp. Reyndir kennarar finna fyrir breytingum á kennarastarfinu og koma þær ekki síst fram í því að uppeldisþáttur starfsins hefur vaxið. Þá virðist þeim nemendum hafa fjölgað sem eiga við ýmiss konar vandamál að etja (Auður Kristinsdóttir, 2000). Nú taka almennir grunnskólar við nemendum með sértæka námserfiðleika sem áður voru við nám í sérskólum. Einnig má nefna að nemendum af erlendum uppruna, sem ekki hafa íslensku að móðurmáli, hefur fjölgað í grunnskólunum (Guðrún Pétursdóttir, 1999). Álag á grunnskólakennara virðist hafa aukist og starfið orðið flóknara og vandasamara en það var (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1992; Hargreaves, 1994; Hargreaves og Fullan, 1998).

Ég hef átt erindi í ýmsa grunnskóla og rætt við marga kennara. Yfirleitt gengur starfið vel en í hverjum skóla eru nemendur sem eiga í vanda og reyna á kennara. Í sumum

skólum eru þessir nemendur fleiri en í öðrum og erfiðleikarnir meiri. Álagið á kennara og stjórnendur í þeim skólum er bæði mikið og viðvarandi. Vandi þessara skóla hefur ekki verið mikið ræddur hérlandis en með þessari rannsókn er leitast við að bæta úr því.

Fjölskyldur í vanda

Í hverju samfélagi eru einstaklingar og fjölskyldur sem af ýmsum ástæðum verða undir í lífsbaráttunni. Hér á landi hefur verið vaxandi umræða um fólk sem kemst ekki af án stuðnings (Harpa Njálisdóttir, 1998). Hjá Dencik og Jørgensen (1999) kemur fram að áhættufjölskyldur nútímans í norrænum (skandinavískum) samfélögum séu helst þær sem eiga það á hættu að glata félagslegum tengslum er veitt geta stuðning þegar á móti blæs.

Það er margt sem getur sett fjölskyldulíf úr skorðum og skert lífsafkomu, líðan og félagslega stöðu. Þar má meðal annars telja veikindi, atvinnumissi, andlát eða skilnað, áfengis- og/eða vímuefnaneyslu, ofbeldi eða ósamlyndi og óvænt áföll. Stundum tekst fjölskyldum að komast yfir vandann af eigin rammleik eða með góðum stuðningi, en ef hann er langvinnur þá er erfiðara við að

¹ Ritgerð til meistaraþráðu við Háskóla Íslands árið 2002: Skóli í vanda. Um líðan og störf grunnskólakennara í erfiðu skólahverfi. Höfundur: Sólveig Karvelsdóttir.

eiga. Það eru helst þær fjölskyldur sem hafa veika félags- og efnahagslega stöðu fyrir og takmarkaðan stuðning ættingja og vina sem fara illa undir svona álagi og brotna jafnvel niður. Stundum verða vandamálin viðvarandi og haldast kynslóð fram af kynslóð. Álagið hefur áhrif á uppeldi barnanna og setur mark sitt á þau og það getur verið erfitt að breyta munstrinu (Dencik og Jørgensen, 1999).

Stuðningur hins opinbera getur breytt miklu fyrir fjölskyldur og börn sem eiga erfitt og félagsþjónusta sveitarfélaga veitir fjölskyldum og einstaklingum í vanda margháttada aðstoð. Sumir hafa gagnrýnt kerfið og sagt að stuðningur við fjölskyldur væri ónógur (Bragi Guðbrandsson, 1994; Halldór Grönvold, 1994; Sigrún Júlíusdóttir 1995). Mikið álag á félagslega kerfið getur dregið úr möguleikunum á að sinna fyrirbyggjandi starfi á þann hátt sem æskilegt væri. Í bókinni *Ósýnilegar fjölskyldur* kemur fram sú skoðun að „mun meira þyrfti að vinna af fyrirbyggjandi starfi áður en vandamálin yxu foreldrum yfir höfuð“, einnig að „fagfólk væri að kikna undan álagi og margir gæfust upp af þeim sökum“ (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001:148).

Félagsleg staða foreldra

Í ritinu *Barna fjölskyldur: Samfélag – lífs-gildi – móttun* sem Sigrún Júlíusdóttir ritstýrði (1995) er fjallað um rannsókn sem gerð var á högum foreldra og barna á Íslandi. Þar kemur fram að staða einstæðra foreldra er á margan hátt verri en staða giftra og „skapar það börnum í þeim fjölskyldum þeim mun óhagstæðari stöðu“ (bls. 98). Meðal einstæðra foreldra búa fráskildu foreldrarir við erfiðastar félagslegar aðstæður, lakari húsakost og lægri tekjur, auk þess sem heilsufar þeirra er verra (Sigrún Júlíusdóttir, 1995 og 2001). Þessar fjölskyldur, einstæðir, fráskildir foreldrar með börn virðast, samkvæmt þessari rannsókn, eiga afar erfitt uppdráttar.

Einstæðir foreldrar eru mun fleiri í sumum hverfum Reykjavíkur en öðrum og ræður miklu þar um framboð á félagslegu

leiguhúsnæði (Árbók Reykjavíkur 1999). Þá eru skólahverfi Reykjavíkur ólík hvað varðar störf og menntun foreldra. Í sumum hverfum er meirihluti foreldra vel menntaðir í góðum stöðum en í öðrum hverfum er þetta alveg öfug (Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 1999). Það er almenn skoðun að stéttarstaða foreldra hafi áhrif á námsárangur barna þeirra enda margar rannsóknir sem styðja hana (Coleman og Colling, 1966; Goldthorp, 1987; Sigurjón Björnsson, 1980; Tizard, Blatchford, Farquhar og Plewis, 1988). Menntun, skólaganga og efnahagur foreldra virðist hafa áhrif á möguleika barna til að nýta sér hefðbundið skólanám. Börn foreldra sem hafa litla menntun, formlega og óformlega, og lágar tekjur ná að jafnaði lakari árangri í skóla.

Niðurstöður ýmissa rannsókna eru taldar sýna fram á að skólinn geti bæði ýtt undir og dregið úr þeim mun sem er á börnum við upphaf skólagöngu vegna félagslegrar stöðu þeirra (Brophy og Good, 1974; Dalin, Ayoni, Biazen, Dibaba, Jahan, Miles og Rojas, 1994; Rutter, Maughan, Mortimore, Ouston og Smith, 1979; Tizard o.fl., 1988). Það sem best hefur reynst í þeim efnunum er að styrkja og bæta innra starf skólanna. Kennarar geta áorkað miklu og þótt ekki sé dregið í efa að fjölskylda og ytri aðstæður nemenda hafi áhrif á hegðun þeirra og árangur þá þarf að athuga betur samspil þeirra aðstæðna og skólastarfs (Andersson, 1998:170). Ýmsir tala um skólastjóra sem lykilpersónur í skilvirku skólastarfi. Þeir þurfi að vera faglegir leiðtogar með skýra stefnu. Viðhorf þeirra, stefna og stjórnunarhættir, skipulag tíma, stuðningur og hvatning skiptir máli (Ainscow og Munchey, 1989; Dalin o.fl., 1994).

Álag á kennara

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (1999) komst að þeirri niðurstöðu í sinni rannsókn að kennarastarfið væri orðið bæði flóknara og erfiðara en það var. Það sem hæst bar, þegar kennarar voru spurðir um breytingar á starfinu, voru þjóðfélagsbreytingar og „öðruvísi“ nem-

endur sem gera „margvíslegar kröfur sem áður voru ekki gerðar, bæði sanngjarnar og ósanngjarnar“ (bls. 76-77). Kennararnir töldu minni festu í þjóðfélaginu nú og að erfiðara væri að halda uppi reglu í skólasterfinu. Aukin virkni nemenda, kröfur og minni agi gerðu það að verkum að starfinu fylgdi meira „andlegt, líkamlegt og ekki síst tilfinningalegt álag“ (bls. 77). Hjá Auði Kristinsdóttur (2000) kemur fram að sérkennarar hafa fundið fyrir miklum breytingum á starfi sínu. Þeir segja starfið flóknara, að verkefnum hafi fjölgað, álagið aukist m.a. vegna aukins fjölda nemenda með hegðunar- og tilfinningalega örðugleika og að meiri kröfur væru almennt gerðar til skólans.

Það sem oftast er nefnt sem aukinn álagsþáttur í starfi kennara eru aga- og hegðunarvandamálin (Anna Þóra Baldursdóttir, 2000; Anna Kristín Sigurðardóttir, 1996; Gold og Roth, 1993). Kennarar telja að þeim nemendum fjölgi sem eiga í margs konar félags- og tilfinningalegun vanda (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 1992:259; Kristín Elfa Guðnadóttir, 2001) og þeir kvarta undan skorti á úrræðum fyrir börn í vanda (Guðni Kjartansson og Sólveig Karvelsdóttir, 1999; Ingvar Sigurgeirsson og Sólveig Karvelsdóttir, 1999; Kristín Elfa Guðnadóttir, 2001). Þá veldur það álagi að kennurum er ætlað að koma til móts við ólíkar, einstaklingsbundnar þarfir fjölmenns nemendahóps. Sarason (1995) segir þetta óraunhæfar kröfur og heldur því fram að eins og undirbúningi til kennslustarfs og skipulagi skóla sé háttáð verði slíkt aldrei nema í orði og kennarar viti það í hjarta sínu (bls. 132). Hann segir líka að miðað við það magn kennslu-efnis sem kennurum sé ætlað að komast yfir, sé borin von að þeir hafi tíma til að kynna nemendum, áhugasviðum þeirra, þörfum og vandamálum (Sarason, 1995:139).

Samkvæmt ýmsum rannsóknum er algenget að kennarar kvarta undan vinnuálagi og tímaskorti, slæmri hegðun nemenda og áhugaleysi og skorti á námsgögnum (Anna Þóra Baldursdóttir, 2000; Griffith, Steptoe og Cropley, 1999). Langvarandi álag getur valdið streitu en það sem einkum orsakar hana er

að einstaklingi finnst þær kröfur sem til hans eru gerðar vera meiri en hann fær risið undir (Terry, 1997:6). Meðal þátta í starfi kennara sem auka hættu á streitu og kulnun er óljóst mat á frammistöðu í starfi, síauknar kröfur, margbreytni starfsins og lág laun. Einnig má nefna þætti eins og lítinn stuðning stjórnenda og skólayfirvalda, hegðunarvanda nemenda, og vinnuálag (Gold og Roth, 1993; Terry, 1997). Streitueinkenni eru bæði af líkamlegum og sálrænum toga. Langvarandi streita getur leitt til kulnunar sem þróast á löngum tíma og einkennist meðal annars af örmögnunar-tilfinningu og vanmáttarkennd (Anna Þóra Baldursdóttir, 2000:18).

Kennslustarf og tilfinningar tengdar kennslu

Hargreaves (1998) segir að miklar væntingar til kennara og auknar kröfur komi ekki eingöngu utanfrá því kennarar geri sjálfir miklar kröfur til sín og keyri sig iðulega áfram til að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem þeir setja sér (bls. 126). Hann bendir á að kennarastarfið í mörgum löndum sé nú skilgreint mjög vítt og feli í sér félags- og tilfinningaleg markmið ekki síður en námsleg markmið og varði bæði velferð barna á heimilum og frammistöðu í skólanum. Hann telur erfitt að verða við svona kröfum og ómögulegt að fullvissa sig um hvort þær náist. Samt reyni kennarar að verða við þeim (bls. 126). Hann segir að í viðræðum við kennara um störf þeirra berist talið iðulega að sektarkennd (*guilt*). Þeim finnst þeir aldrei hafi gert nóg. Þetta geti verið djúpstæð og erfið tilfinning og fari hún saman með vonbrigðum og kvíða geti hún dregið úr áhuga þeirra og virkni. Hann segir marga þætti í stafi kennarans vera þess eðlis að þeir geti leitt til samviskubits (bls. 141-156). Meðal þeirra má nefna álagsþætti sem tengjast því að kenna í bekk þar sem mikil breidd er í nemendahópnum og að kennarar hafi einnig áhyggjur af því að sumir nemendur verði útundan í kennslunni (Hargreaves og Fullan, 1998:565). Hann segir samviskubit

geta virkað hvetjandi og eftt vilja til að styrkja og bæta. Það geti einnig dregið úr hæfni kennarans og afköstum, valdið flótta úr starfi, tortryggni og kulnun (Hargreaves, 1998:141-156). Langtímaáhrif neikvæðra tilfinninga geta haft áhrif bæði á andlega- og líkamlega heilsu (Hargreaves og Fullan, 1998:51-56).

Í rannsókn Trausta Þorsteinssonar (2001) var m.a. spurt um líðan kennara í starfi. Nær allir kennarar sem rannsóknin náði til sögðu að þeim liði vel í starfi. Ánægjan var heldur meiri hjá þeim sem kenndu í fámennum skólum. Ekki var spurt nánar út í þætti er snertu líðan. Í annarri héraendri rannsókn sem Anna Þóra Baldursdóttir (2000) gerði á kulnun í starfi meðal grunnskólakennara og leiðbeinenda í íslenskum skólum kom í ljós að tæplega 2/3 þeirra kennara sem þátt tóku í könnuninni hugleiddu að hætta kennslu. Það sem einkum réði var mikið álag í starfi, lág laun og lítil virðing fyrir starfi kennara. „Það að hætta kennslu er meðal annars afleiðing vanlíðunar í starfi“, skrifar hún (bls. 128). Hún bendir á að kulnun kennara sé vandamál skólans og samfélagsins alls og að á því þurfi að taka (bls. 134).

Rannsóknarspurningar

Þessi rannsókn var gerð til að fá innsýn í kennslustarf við erfiðan grunnskóla. Ég skilgreini „erfiðan grunnskóla“ sem skóla er sker sig úr sökum mikilla námslegra, félagslegra og tilfinningalegra erfiðleika margra nemenda sem fá takmarkaðan stuðning frá heimilum sínum og fjölskyldum og koma úr skólaverfi þar sem mikið er um félagslega erfiðleika (heimild úr gögnum skólans). Það eru kennararnir sjálfir sem veita þá innsýn. Leitað var eftir skoðunum þeirra á vanda nemenda og því sem olli þeim mestu álagi, en einnig eftir upplýsingum um líðan þeirra sjálfra í starfi. Með rannsókninni var vonast til að fá aukna þekkingu og skilning á vanda þessara skóla og á líðan kennara sem þar starfa.

Rannsóknin

Gerð var eigindleg rannsókn í meðalstórum grunnskóla (um 500 nemendur) veturinn 1998-1999. Eigindlegar rannsóknir byggja á kenningarlegu sjónarmiði fyrirbærafræðinnar sem felst í því að rannsaka og reyna að skilja félagsleg fyrirbær, eða reynslu, eins og þau koma þeim fyrir sjónir sem sjálfir eru þátttakendur (Taylor og Bogdan, 1998). Tekin voru opin viðtöl við 45 kennara skólans og sex „fagaðila“ sem ég kalla svo en það voru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, náms- og starfsráðgjafi og þrjár einstaklingar sem störfuðu á Fræðslumiðstöð Reykjavíkur þegar rannsóknin var gerð og höfðu komið að málefnum skólans á einn eða annan hátt. Það eru viðtölin við þetta fólk sem niðurstöður rannsóknarinnar byggjast fyrst og fremst á. Flest viðtalanna voru hópviðtöl og voru þrjár til fimm viðmælendur í hverjum hópi. Í opnum viðtölum sögðu þátttakendur frá hvernig þeir skildu og skilgreindu þá þætti sem rannsóknin beinist að og lýstu sínu sjónarhorni með eigin orðum (Kvale, 1996). Viðtölin voru hljóðrituð og síðan skráð. Auk viðtalanna gerði ég þátttökuathuganir á vettvangi þar sem fylgst var með því sem fram fór og það skráð skipulega niður (Bogdan og Biklen, 1992). Ég kom oft í skólann meðan á rannsókninni stóð, fylgdist með kennslu, sat marga fundi og kynntist þeirri þjónustu sem skólinn veitti nemendum. Þá las ég yfir mikið af rituðum gögnum um starf skólans og stöðu skólalærisins.

Úrvinnsla gagna

Viðtölin skráði ég jafnóðum og þau voru tekin. Eftir hverja skráningu hófst fyrsta stig úrvinnslu með frumgreiningu gagnanna. Með því móti fékk ég all góða innsýn í það sem rannsóknargögnin höfðu að geyma fljótlega eftir að öflun þeirra lauk. Það var þó ekki fyrir en allöngu seinna sem tími fékkst til frekari úrvinnslu og hægt var að greina rannsóknargögnin af nákvæmni með ítarlegri kóðun, flokkun og samanburði. Sú greining tók langan tíma, ekki síst vegna hóp-

viðtalanna. Eftir að hafa kóðað öll viðtölin hófst flokkun þeirra eftir þeim þemum sem komu fram. Þau þemu sem höfðu fengið mesta umfjöllun samkvæmt kóðuninni voru síðan dregin sérstaklega fram.

Niðurstöður

Skólahverfið hefur sérstöðu að því leyti að þar er meira af félagslegum leiguþúðum en í öðrum borgarhverfum. Nýir nemendur sem innritast í skólann koma mest frá fjölskyldum sem þar búa. Í félagslegu leiguþúðunum búa margar fjölskyldur, ekki síst barnafjölskyldur, sem standa höllum fæti og eru háðar opinberum stuðningi til framfarlsu. Í hverfinu búa fleiri einstæðir foreldrar en í öðrum hverfum og börn einstæðar foreldra eru þar mun fleiri (Árbók Reykjavíkur 1999). Þá hefur meirihluti íbúanna stutta skólagöngu og meðal fjölskyldutekjur eru lágar (Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir, 1999)

Í skólanum hefur frá upphafi verið hátt hlutfall nemenda með sérþarfir. Það hlutfall hafði þó aldrei verið eins hátt og það var þennan vetur og virtist fara vaxandi. Nemendum hafði fækkað í skólanum en samt hækkaði hlutfall þeirra sem þörfuðust sérstaks stuðnings. Með fjölgun þeirra breyttist samsetning nemendahópsins og vandi skólans jókst, því hann var ekki í stakk búinn til að veita þeim öllum viðeigandi kennslu og þjónustu. Kennarar segja duglega nemendur vera í minnihluta í bekkjunum, öfugt við það sem áður var, og að þeir séu með „allt öðruvísi börn í höndunum“ en áður. Þórunn, sem kennt hefur lengi við skólann, segir að í gegnum tíðina hafi þeim tekist að halda í við og taka á ýmsum málum en „nú sé þetta komið út yfir öll mörk“ og að skólinn standi frammi fyrir vanda sem hann ráði ekki við. Breytingin er ekki einungis vegna fjölgunar nemenda með námserfiðleika heldur er vandi þeirra einnig að ýmsum öðrum toga. Hafdís bendir á að fjölgun nemenda með frávik sé ekki einungis í þessum skóla heldur hafi þeim fjölgað í flestum skólum.

Námið sækist seint

Kennurum gengur erfiðlega að koma nemendum áfram í námi. Mörgum börnunum virðist ganga illa að tileinka sér hefðbundið skólanám og einkunnir þeirra eru að meðaltali talsvert undir því sem gerist í öðrum skólum. Kennarar sem hafa kennt við aðra skóla hafa samanburð. Þeir segja að það hafi verið „algert sjokk“ að koma í þennan skóla, að nemendur séu miklu slakari og vandamálin miklu fleiri. Hrefna segist ekki geta gert svipaðar námskröfur og hún gerði til nemenda sem hún kenndi áður og Inga segist verða miklu meira vör við alls konar erfiðleika en sig hafi óraði fyrir. „Það eru alveg gífurlega mikil vandamál inni í öllum bekkjum“, segir Þórunn og hún telur að mikið af agavandamálunum sé „út af hverfinu sem við erum í.“

Ofalgengt er að nemendur sinni heimanáminu lítið eða ekki að sögn kennara og fá litla aðstoð frá heimilunum því foreldrar virðast ekki hafa tök á að fylgja því eftir sem skyldi. Þetta kostar ergelsi og ávítur en allt kemur fyrir ekki. Eftirfarandi orð Hafdísar skýra ef til vill um hvað vandinn snýst:

Það eru ekki nema þeir sem standa allra verst í samfélaginu sem koma hingað [í þetta hverfi]. Og ... mér finnst það bara eðlilegt að það fólk hafi ekki sama metnað og hinir ... Það kemur vegna þess að það verður að koma með börnin sín [í skólann] ... en ekki vegna þess að það sé tilbúið að fara að sitja með barninu við heimalærdóm.

Kennurum verður tíðrætt um nemendur sem skortir aðhald og stuðning frá fjölskyldum sínum og eiga félagslega, tilfinningalega og námslega erfitt. Þeir hafa áhyggjur af þessum börnum. Þeir tala um erfiðleika barna „út af slæmri meðferð og illri umhirdu“, segja að sum börnin séu illa sofin og jafnvel svöng. Það sé algengt að þau komi ólærð eða illa lærð í skólann, að mætingar sumra nemenda séu óásættanlegar og að illa gangi að ráða bót á því. Þeir eru að reyna að kenna nemendum að fara að reglum, setja þeim mörk, kenna umgengni- og samskiptavenjur og jafnvel kenna þeim hvernig þeir eigi að þrifa sig.

Málin sem kennararnir eru að fást við „eru

miklu, miklu þyngri en hér áður fyrr“. Inni í almennum deildum eru börn sem hefðu þurft að komast að í sérdeildum eða í annars konar sérúrræði en eiga þess ekki kost. Það eru aðeins allra slökustu börnin sem komast að í sérdeildum, en mörg börn sem svipað er ástatt um „eru á þröskuldinum“ og komast ekki inn. Það er talað um að vandamálin séu svo mörg að það sé eins og að „vera með sérdeild inni í hverjum bekk“, eins og einn kennarinn orðaði það. Kennararnir segja að erfiðustu málin eigi heima á geðdeild en Þyri segir ekki auðvelt að koma þeim þar inn:

Það er ekkert pláss fyrir þau þar. Það er margra mánaða bið á greiningarstöðina BUGL [Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans]. Þessi börn eiga alveg óskaplega bág.

Hulda tekur undir þetta og segir að það sé „löngu komið upp fyrir allt sem eðlilegt geti talist að senda mjög veika einstaklinga“ inn í skólann. Gunnar segir að þetta sé „fyrir löngu sprungið“ því fjöldi þeirra nemenda sem þurfa sérhjálp sé svo mikill.

Vantar meiri stuðning

Sumir nemendur eiga námslega mjög erfitt „en allt of stór hluti þeirra er svona illa staddur af félagslegum ástæðum“ segir Hafðís. Hún segir að bekkjarkennararnir ráði ekki við þennan vanda einir og sér. Það þurfi að taka þetta fastari tókum og fá utanaðkomandi stuðning. Eftir því sem kennararnir segja þá kemur sálfræðingur í skólann „svona tvo daga í viku að meðaltali“. Þeir segja að hann sjái fyrst og fremst um greiningarvinnu. Það eitt og sér er ágætt en ekki á nokkurn hátt fullnægjandi. „Sálfræðingurinn hefur ekki mér vitanlega farið inn í bekk til þess að veita þar stuðning eða ráðgjöf og ekki hefur verið nein eftirfylgd eftir greiningu, hvort sem það er greining á námsvanda eða hegðunarvanda,“ segir Særún. Kennararnir segja að hjúkrunarfræðingar skólans hafi aðstoðað eftir því sem þess hafi verið óskað en starf þeirra bar lítið á góma. Félagsmálastofnun kemur að málum margra nemenda, mun meira en þekkest við aðra

grunnskóla. Borið saman við annan erfiðan grunnskóla er hlutfallið 8 á móti 1 (40 börn við þennan skóla frá 1. sept. - 1. febr. en voru 5 allt skólaárið í samanburðarskólanum sem þykir erfiður). „Þetta er langt, ég leyfi mér að fullyrða það, langt út fyrir nokkur normal mörk,“ segir Særún. Hins vegar gengur félagsþjónustunni ekki nógu vel að taka á málum þessara barna að hennar mati. Þar er „mikið máttleysi,“ segir hún. Einn úr hópi fagaðila telur að samstarf félagsþjónustunnar og skólans hafi undanfarin ár ekki verið sem skyldi og „í dag má segja sem svo að félagsþjónustan og heilbrigðisþjónustan hafi kannski ekki í nægilega ríkum mæli yfir úrræðum að ráða til að geta sinnt þessum börnum“.

Agavandi

Kennararnir eru ekki einróma um agavandann. Sumum finnst hann mikill en aðrir kvarta ekki að ráði. Bekkirnir eru ólíkir og vandamálin mismikil innan bekkja. Kennararnir segja að sumir bekkir séu þannig að kennarinn geti ekki slakað á nokkra stund. „Þú ert í stöðugu stríði við að halda ákveðnum nemendum niðri og ert að eyða orkunni í þá í stað þess að eyða henni í þá sem þú mundir vilja kenna,“ segir Sævar. Það sama kemur fram hjá Jónu: „Manni finnst maður stöðugt vera að fást við óvita. Krakkar sem eru jafnvel komnir upp í 10. bekk og eiga að taka samræmd próf í vor og maður eyðir kannski lunganum úr tímanum í að ná vinnufriði.“ Hún segir að þetta sé misjafnt „en það er stór hópur sem maður þarf að vera að glíma við“. Ýmsir kennarar segja að of mikill tími hveirrar kennslustundar fari í uppeldi á kostnað kennslunnar, að það fari allt of mikil orka í uppeldismálin en fræðsluþátturinn verði útundan.

Þór, sem er reyndur kennari, hefur alveg ákveðna skoðun á því af hverju nemendur eru svona kærulausir og erfiðir. Hann segir að þegar hætt var að krefjast þess að nemendur næðu lágmarksárangri til að flytjast á milli bekkja og skóla þá hafi þetta breyst til verri vegar. Hann segir að nemendur „spili frítt“, að þeir viti að það sé hvorki hægt að gera kröfur

til þeirra né reka þá. „Það er mín bjargfasta skoðun að þetta sé eitthvert það versta skref sem hefur verið stigið í skólamálu á Íslandi,“ segir hann. Hann er sannfærður um að þetta sé hluti af þessum agavanda sem kennarar kvarta undan.

Sumir kennarar tala um að hópurinn sé stór sem sé til vandræða en aðrir tala um að þótt agavandinn sé mikill þá snúist hann ekki um svo marga einstaklinga. Hins vegar taki óróaseggirnir mikinn tíma frá hinum, meirihluta nemenda, sem búi við skertan hlut og fái ekki þá kennslu sem þau eigi rétt á. Þeir tala um að þetta sé brot á mannréttindum þeirra. „Já, við erum að brjóta á þeim. Það er aftur og aftur að gerast,“ segir Sveinn. Kennararnir eru sammála um að þeir gangi verulega á hlut annarra nemenda með þessari stöðugu glímu við þá sem láta illa að stjórn. Það fari nánast allur þeirra tími í að það. „Hvar er þessi venjulegi nemandi?“ spyr Sveinn, og honum finnst þessi „venjulegi“ eða vandræðalaus nemandi verða útundan því erfiðu nemendurnir hafi alla athyglina. Það leynir sér ekki að það íþyngir kennurunum að vita að þeir hafi ekki getað sinnt mörgum nemenda sinna vegna truflandi einstaklinga sem tóku of mikið af tíma þeirra og athygli.

Tímaleysi

Skortur á tíma til að koma af því sem verður að sinna og því sem æskilegt væri að sinna er algengt umkvörtunarefni kennara. Þeir segjast ekki hafa nógan tíma utan kennslunnar til sinna verkefnum sem þarf að vinna. „Það er allt á hlaupum“ því alltaf er eitthvað sem kallar að. „Það er ekki hægt að setjast niður. Það eru stuttar frímínútur, stutt hádegi.“ Þeir segjast þurfa meiri tíma til að sinna málu einstakra nemenda og til foreldrasamstarfs. Þeim finnst sérstaklega erfitt að hafa ekki meiri tíma til samstarfs sín á milli, til að bera saman bækur sínar og til að ræða um kennsluna og starfið. Meðal þess sem þeir tala um að taki meira af tíma þeirra nú en áður eru ýmis konar fundahöld.

Kennarar byrjenda og yngri deilda segjast

vera með mörg börn í bekk sem þurfi meiri tíma og meiri stuðning en þau fá. Tími til að sinna einstökum nemendum sé ekki nógur og það sé ekki síst vegna mikillar breiddar í nemendahópnum, því margir eigi erfitt með nám og hegðun. Þá geri stærð bekkjardeilda þetta erfiðara en ella. Ef „bekkjarstærð er orðin svona þolanleg þá á að steypa saman bekkjum og þá splundrast allt. Yfirvöld taka ekki nóg tillit til skólaaðstæðna hér,“ segir Harpa. Í flestum bekkjum eru nemendur sem þyrftu sérhjálp að sögn kennaranna. Í sumum bekkjum eru margir nemendur, jafnvel meirihlutinn, sem kennarar segja að eigi erfitt með nám og þurfi sérstaka athygli. Hins vegar sé aðstoðin sem hægt er að veita þeim of lítil að mati þeirra.

Kennarar yngri deilda telja að í skólanum sé óvenju hátt hlutfall ofvirkra barna. Þau krefjast athygli og tíma. Sumir kennarar tala um að þeir geti hvorki sinnt ofvirku nemendum né hinum nógu vel og að þeir komist ekki yfir það sem þeir þurfi að gera. Bæði ofvirku nemendurnir og nemendur með annars konar frávík þyrftu meira af tíma kennaranna. En þótt kennurunum finnst þeir ekki hafi tíma til að sinna þessum nemendum nógu vel þá er það ekki vegna þess að allur tími þeirra fari í hin börnin, þau sem ekki sýna frávík, því þeir hafa ekki síður áhyggjur af þeim eins og kemur fram í eftirfarandi orðum Kolbrúnar:

„Það þyrfti að minnka bekkina. Fá aðstoð inn í bekkina. Við þurfum að huga að krökkunum sem geta eitthvað. Þau verða mjög mikið útundan. [...] Þetta er stórt vandamál. Þessir krakkar fá ekki það sem þau þurfa hjá okkur“.

Með hliðsjón af margvíslegum og ólíkum þörfum nemendanna, þá er það skoðun kennaranna að þeim sé gert að sinna of mörgum börnum og þeir komist einfaldlega ekki yfir það. Af því stafa, meðal annars, áhyggjur þeirra og sú niðurdragandi og erfiða tilfinning að þeir séu ekki að gera nógu vel, að þeir standi sig ekki og hafi ekki tíma til að sinna börnunum.

Stjórnendur

Kennurunum liggur vel orð til stjórnenda skólans og telja að hjá þeim eigi þeir hauka í horni. Hins vegar séu þeir of hlaðnir störfum og að það bitni á skólastarfinu. Vegna þess hika kennarar við að leita til þeirra nema nauðsyn beri til. Vinnuálagið á stjórnendum tefur úrlausn mála sem eru að velkjast of lengi og klárast jafnvel ekki. „Ég held að þetta sé stærsta vandamál skólans,“ segir einn kennaranna. Þeir láta í ljós þá skoðun að vegna þessa mikla álags við rekstur og stjórnun geti skólastjórnarnir ekki sinnt „faglegum málum“.

Kennararnir segja að skólastjórnendur sjást ekki mikið á kennsluvæðinu. „Þeir mættu vera sýnilegri,“ segja þeir. Þeir „mættu koma og kynna sig,“ segir Inga því „það er ekkert víst að börnin þekki þá“. En skólastjórnarnir eru „bara að drukkna í alls kyns málum, agamálum og öðrum málum“ og þess vegna sjást þeir lítið. „Þetta fólk er að sligast af einhverri skrifstofuvinnu“. Kennarar segja að stjórnendur fylgist lítið með því sem þeir eru að gera og líti ekki inn til þeirra í kennslu, en vildu gjarnan að þeir gerðu meira af því. Pétur segir um það:

Það væri gott ef skólastjórnendur reyndu að leita fregna og hafa meira samband við kennarana að fyrra bragði. Ég held að það væri til mikilla bóta. Það myndi skapa miklu nánari og persónulegri tengsl og kennaranum myndi líða betur ef hann finndi meiri stuðning frá stjórnendum.

Kennararnir tala um að það vanti hvatningu og hrós frá yfirmönnum fyrir það sem vel sé gert. En það er ekki hægt að búast við uppörvun og hvatningu ef stjórnendur komast ekki til að fylgjast með því sem kennararnir eru að gera. Kennararnir sögðu að vissulega fengju þeir að heyra það einu sinni á ári að við þennan skóla væru góðir og duglegir kennarar en það væri ekki það sama og að fá persónulega hvatningu eða viðurkenningarorð fyrir það sem þeir væru að gera.

Um líðan kennara í starfi

Þreyta og jafnvel vonleysi kemur víða fram í

viðtölum við kennarana. Þeir segja þreytuna vaxandi meðal allra starfsmanna skólans og komi hún meðal annars fram í aukinni umræðu um erfiða stöðu skólans, neikvæðum viðhorfum í garð foreldra og skólahverfis, fleiri veikindaförföllum starfsmanna og í umræðu um að nú sé fólk búið að fá nóg. Sumir tala um að fara í leyfi eða jafnvel hætta í starfi. Þá gætir ákveðins vonleysis um að hægt verði að ná fram breytingum til batnaðar.

Þegar kennarar hafa ítrekað leitað eftir stuðningi eða hjálp fyrir einstaka nemendur sem ekki fæst fyrr en seint og um síðir vekur það vanmáttartilfinningu og jafnvel reiði. Stundum þarf að bíða í heilt ár eftir slíkri hjálp. „Það fer ofboðslega í taugarnar á mér“ segir einn kennaranna. Það tekur á að vita um erfiðar aðstæður og líðan barns, en að geta hvorki liðsinnt því né bætt úr á nokkurn hátt er enn erfiðara. Þetta tekur „gífurlega orku frá manni“, segir Jórunn og vandamálin valda því „að maður getur ekki einbeitt sér eins að kennslunni“. Harpa talar um kvíða: „Á haustin kemur alltaf fram kvíði. Hvað eru komnir margir nemendur í bekkinn? Hvernig eru þeir?“. Hún segir kvíðann koma vegna þess hve það sé algengt að fá inn „nemendur með vandamál“. Einnig veldur það kvíða þegar von er á nýju barni í bekkinn á miðjum vetri samanber eftirfarandi orð: „Þá bara signir maður sig því það er 90% öruggt að það er einhver stórvandi sem fylgir því“.

Slakur árangur nemenda á samræmdum prófum dregur kennarana niður. Niðurstöður prófanna eru birtar opinberlega og kennarar vita að margir munu meta skólann og störf þeirra sjálfra út frá þeim. Við „sjáum og fáum alls staðar að heyra að við séu niðri á botni,“ segir Gerður og „auðvitað fer illt umtal um vinnustaðinn illa í mann“. Kennararnir finna hvað róðurinn er þungur og hvað hefðbundið skólanámið, sem er mest bóknám, skilar mörgum nemendum þeirra litlu. Sumir hafa efasemdir um áherslur skólans og velta því fyrir sér hvort þeir séu á rétttri leið. Sævar hefur velt þessu mikið fyrir sér og hefur áhyggjur af því sem honum finnst blasa við, sem er

árangursleysi kennslunnar og áherslunnar á bóknámið. Á sama tíma verði aðrir þættir útundan svo sem meiri áhersla á siðferðileg gildi og uppbygging einstaklings sem getur borið ábyrgð á sér og sínum.

Eins og áður hefur komið fram sækir á kennarana sú hugsun að þeir hafi ekki getað sinnt nemendum sínum nógu vel. Of fjölmennir bekkir og mikil breidd í nemendahópi, tíma-skortur og hegðunarvanamál eru meðal þess sem þeir nefna sem orsakavalda. Þetta veldur áhyggjum og sektarkennd. Kennararnir ræða um álagið sem fylgir því að kenna við aðstæður þar sem vandi nemenda tengist erfiðum aðstæðum foreldra og heimila. Það gerir það að verkum að enn erfiðara en ella er að taka á vandanum. Hulda segir:

Mér finnst þetta vera ansi mörg mál sem eru ekki grunnskólans að leysa en eru hér og þetta er farið að íþyngja starfsfólki, að vinna við aðstæður sem það í raun getur ekki ráðið við þótt það séu allir af vilja gerðir, og getur ekki lagað. Það eru niður-drepandi aðstæður.

Hulda segir að þrátt fyrir mikla reynslu þá sé starfsfólk skólans orðið „virkilega þreytt“ og að þreytan sé komin á hættulegt stig. Hún segir að það sé ekki endalaust hægt að láta fólkið „axla svona mikla ábyrgð“. Álagið kemur vel fram í orðum Birnu:

Maður verður svo hundsvektur. Það tekur á mann að vera svona svekktur. Fer mikil orka í það. Bölvur aðstæðum hér og þar, aðallega aðstæðum barnanna. Það fer mest orka í það hjá mér. Ég er að gera mér grein fyrir því hvað þetta er alvarlegt.

Hjá ýmsum kemur fram að þeir séu ekki menntaðir til að takast á við vandamál af því tagi sem þeir eru að glíma við, að það sé ekki gert ráð fyrir því í kennaramenntuninni og að þetta séu mál sem heyrir undir aðrar fagstéttir.

Áður var fólk að tala um að hætta út af laununum en nú er fólkið hér að hætta af því að það sé ekki vinnandi við þetta. Það á nánast ekkert annað líf. Það er vakandi og sofandi yfir þessu og þunginn er orðinn mikill ... Ég fékk ekki menntun sem geðlæknir, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi. Ég fékk ekki menntun til að takast á við þetta.

Kennararnir draga ekki úr því að skólinn hafi ýmis úrræði og sérkennslutíma umfram aðra skóla en vegna vaxandi vanda sé það hvergi nærri nóg og vandi barnanna sé engan veginn leystur með þeim úrræðum. Þeir óska eftir meiri stuðningi og fleiri úrræðum fyrir nemendurna. Þeir segja að það vanti meiri sálfræðiþjónustu og þörfin fyrir félagsráðgjafarþjónustu sé brýn því vandi nemenda sé í mörgum tilvikum þess eðlis að félagsráðgjafi þurfi að koma að málinu. Til að geta létt þunganum af eigin herðum vildu þeir geta rætt vanda sinn og áhyggjur við sérfræðing sem gæti veitt þeim handleiðslu. Það myndi byggja þá upp og auðvelda þeim að takast á við starfið.

Samstaða kennara

Margir kennaranna hafa starfað lengi við skólann og eru orðnir reyndir í því að taka á erfiðum málum. Þrátt fyrir langvarandi álag og þreytu vilja kennararnir helst ekki gefast upp fyrir aðstæðum. Þeir hafa stutt hver annan og sýnt mikla samstöðu og skilning. Það ríkir góður starfsandi og hreinskilin umræða um þá erfiðleika sem við er að fást. Kennararnir segja samstarfsfólkið sérstaklega gott og hópinn skemmtilegan og að því leyti sé ánægjulegt að vinna við skólann.

Kennararnir hafa tekið trygð við skólann og þeir segja það fyrst og fremst samstarfsfólkinu að þakka að þeir séu áfram í starfi, þrátt fyrir allt. Nokkrir tala um að þetta sé þeirra skóli: „Þetta er skólinn minn og þetta er mjög gott starfsfólk og skemmtilegt og góður andi meðal þess og ég get ekki sagt annað en að mér líður mjög vel ... miðað við aðstæður og þrátt fyrir þær“ eins og einn orðar það. Annar talar um það sem „spennandi og ögrandi verkefni að þroska þessa nemendur“. Þessum hluta lýkur með orðum Þórunnar: „Þegar við erum að stynja yfir erfiðleikum þá erum við búin að segja mjög oft að það er vegna samstarfsfólksins sem við höldum áfram og það vita allir [...] en ég veit ekki hversu lengi það heldur“.

Samantekt og umræða

Í skólahverfinu eru meðal fjölskyldutekjur lágar og meirihluti íbúanna hefur stutta skólagöngu. Þar búa fleiri börn hjá einstæðum foreldrum en í öðrum hverfum borgarinnar og margar barnafjölskyldur eru skjólstæðingar félagsþjónustunnar. Það er umhugsunarefni hvornig hægt er að styðja betur við barnafjölskyldur sem eiga efnahagslega og félagslega erfitt svo vandi þeirra bitni ekki á börnunum.

Frá upphafi hefur skólinn haf fleiri nemendur með sérþarfir en aðrir grunnskólar (úr gögnum skólans: Óbirt skýrsla). Þeirri þörf hefur verið mætt með ýmis konar úrræðum umfram þau sem aðrir skólar hafa. Á síðustu árum hefur orðið breyting á nemendasamsetningunni. Nemendum sem þurfa sérkennslu og sérstuðning hefur fjölgað þrátt fyrir fækkun í skólanum. Kennararnir segja skólann ekki ráða lengur við þetta. Það sé búið að gjörnýta öll tiltæk úrræði en það dugi ekki til. Nú sé komið út fyrir öll mörk.

Mestu erfiðleikana segja kennarar stafa af ófullnægjandi ytri aðstæðna sumra nemenda, og skort á stuðningi. Vandir þeirra og vanlíðan brýst út með ýmsu móti. Það segir sig sjálft að börn sem alast upp við erfiðar uppeldisadstæður og eru í tilfinningalegu ójafnvægi, eiga erfitt með að einbeita sér í námi enda er námsárangur þeirra slakur. Árangursleysi þeirra, erfið hegðun, truflanir í tímum, óstundvísi og fleira, tengist þessum erfiðu ytri aðstæðum barnanna að mati kennara. Skólinn er sagður vera „fasti punkturinn“ í tilveru þeirra, haldreipið sem þau „treysta á“.

Kennararnir þurfa að takast á við margs konar vanda en þeir eiga góða að þar sem stjórnendur eru. Þeir segjast alltaf geta leitað til þeirra en geri það hins vegar ekki nema nauðsyn beri til því stjórnendur séu undir miklu álagi. Það kemur niður á skólastarfinu að þeirra mati. Kennarar segja stjórnendur sjást of lítið á kennslusvæðinu og að skólann vanti faglega forystu. Sjálfir segjast þeir sjaldnast fá hrós eða hvatningu í starfi enda viti stjórnendur lítið hvað þeir séu að fást við inni í bekkjardeildum. Allt þetta tengja þeir of miklu álagi á stjórnendur.

Það er alvörumál ef stjórnendur, sem eiga að leiða skólastarfið bæði faglega og félagslega, eru svo önnum kanfir í pappírsvinnu og ýmis konar „bráðapjónustu“ að þeir geti ekki verið það forystu- og umbótaafli sem þeim er ætlað.

Það er komin þreyta í kennarahópnum. Þreyta sem hefur búið um sig á löngum tíma í glímu við óvenju erfið viðfangsefni og aðstæður sem þeir ráða lítt við. Þreytan kemur sterkt fram í viðtölunum við þá. Það er ekki síst vitneskjan um vanda nemenda sem dregur þá niður en einnig óvissan um hvort eitthvað verði gert sem gæti bætt ástandið. Það tekur á að vita af erfiðleikum og vanlíðan barnanna og fá lítið að gert. Þeir ræða tilfinningar sem hrærast með þeim svo sem vonbrigði, vanmátt, vonleysi, kvíða, áhyggjur, reiði og sektarkennd. Meðal þess sem veldur sektarkennd er sú skoðun að þeim takist ekki að sinna nemendum sínum nógu vel, að það sé verið að svíkja þá um kennslu sem þeir eigi rétt á. Þeir tala um svekkelsi og finna til reiði vegna ástandsins og segja álagið hvíla þungt á fólki. Þeir segja að það gangi illa að fá ráðamenn til skilja hvað staða barnanna er alvarleg.

Það er lán skólans að hann hefur öflugt starfslið sem sparar sig hvergi við að reyna að leiðbeina nemendum og greiða úr hvers kyns vanda. Hópurinn heldur saman og það er ekki síst vegna samstarfsfólksins sem þau haldi áfram að kenna við skólann þrátt fyrir erfiðleikana og álagið.

Heimildir

Ainscow, M. og Muncey, J. (1989). *Meeting individual needs in the primary education*. London: David Fulton Publishers.

Andersson, G. (1998). Samband mellan social kompetens, problembeteende ock skolmotivation? Í E. Backe-Hansen og T. Ogden (Ritstj.), *10-áringer i Norden: Kompetanse, risiko og oppvekstmiljø* (bls.151-170). Kaupmannahöfn: Nordisk Ministerråd.

- Anna Þóra Baldursdóttir (2000). *Hvernig líður kennurum? Könnun á kulnun í starfi grunnskólakennara og leiðbeinenda í grunnskólum*. Óbirt M.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Anna Kristín Sigurðardóttir (1996). *Agastjórnun í grunnskóla*. Óbirt M.Ed. ritgerð. Kennaraháskóli Íslands.
- Bogdan, R. C. og Biklen, S. K. (1992). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods* (2. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Brophy, J. E. og Good, T. L. (1974). *Teacher – student relationships: Causes and consequences*. New York: Holt, Rinehart and Winston.
- Coleman, P. og Colling, J. (1996, haust). *The hidden link: Parents and school quality*. Skýrsla kynnt á ERNAPE-ráðstefnunni „Education is Partnership“ í Kaupmannahöfn.
- Dalin, P., Ayoni, T., Biazen, A., Dibaba, B., Jahan, M., Miles, M. B. og Rojas, C. (1994). *How schools improve: An international report*. London: Casell.
- Dencik, L. og Jørgensen, P. S. (1999). *Børn og familie i det postmoderne samfund*. København: Hans Reitzels Forlag.
- Elsa Reimarsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir (1999). *Samræmd próf: Hvaða þættir í skóla og umhverfi skipta máli?* Óbirt B.A. ritgerð. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
- Gold, Y. og Roth, R. A. (1993). *Teachers managing stress and preventing burnout: The professional health solution*. London: The Falmer Press.
- Goldthorp, J.E. (1987). *Family life in western societies: A historical sociology of family relationships in Britain and North America*. Cambridge: CambridgeUniversity Press.
- Griffith, J., Steptoe, A., og Cropley, M. (1999). An investigation of coping strategies associated with job stress in teachers. *British Journal of Educational Psychology*, 69, 517-532.
- Guðni Kjartansson og Sólveig Karvelsdóttir (1998). *Þörf á þjónustu fyrir nemendur Rimaskóla*. Námsritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Guðrún Pétursdóttir (1999). *Fjölmenningarleg kennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Reykjavík: Höfundur.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001). *Ósýnilegar fjölskyldur: Seinfærar/þroskaheftar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hargreaves, A. (1998). The emotions of teaching and educational change. Í Hargreaves, Liberman, Fullan og Hopkins (Ritsj.), *International handbook of educational change*. Part one (bls.558-575). London: Kluwer academic publishers.
- Hargreaves, A. og Fullan, M. (1998). *What's worth fighting for out there*. New York: Teachers College Columbia University.
- Harpa Njálisdóttir (1998). *Fátækt í velferðarsamfélagi*. Óbirt B.A. ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Ingólfur Á. Jóhannesson (1999). Sérhæfð þekking kennara. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 8, 71-89.
- Ingvar Sigurgeirsson og Sólveig Karvelsdóttir (1999). *Mat á starfi Fellaskóla. Lokaskýrsla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóli Íslands.

- Kristín Elfa Guðnadóttir (2001). Ekki á færi einnar manneskju að laga. *Skóla-varðan. Mál gagn kennarasambands Íslands*, 1(1), 8-9.
- Kvale, S. (1996). *Interviews: An introduction to qualitative research interviewing*. London: Sage.
- Rutter, M., Maughan, P., Mortimore, P., Ouston, J. og Smith, A. (1979). *Fifteen thousand hours: secondary schools and their effects on children*. London: Open Books Publishing.
- Sarason, Seymour B. (1995). *School change: The personal development of a point of view*. New York og London: Teachers College Press.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir (1992). Samskipti í bekkjastarfi: Sjórnarhorn kennara. *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóli Íslands*, 1 (1), 258-273.
- Sigrún Júlíusdóttir (Ritstjóri). (1995). *Barnafjölskyldur: Samfélag-lífsgildimótun* (bls.185-198). Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurjón Björnsson (1980). *Börn í Reykjavík. Rannsóknarniðurstöður*. Reykjavík: Iðunn.
- Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource* (3. útgáfa). New York: John Wiley & Sons.
- Terry, P. M. (1997, apríl). *Teacher burnout: Is it real? Can we prevent it?* Greinin var kynnt og lögð fram á árlegri ráðstefnu North Central Association of Colleges and Schools í Chicago, Illinois, Bandaríkjunum.
- Tizard, B., Blatchford, P., Farquhar, C. og Plewis, I. (1988). *Young children at school in the inner city*. London: Lawrence Erlbaum Associates Publishers.
- Trausti Þorseinsson (2001). *Fagmennska kennara: Könnun á einkennum á fagmennsku grunnskólakennara á Norðurlandi eystra*. Óbirt M.A. ritgerð. Kennaraháskóli Íslands.